

Alþingi
Erindi nr. P 122/813
komudagur 5.2.'98

Álit Sjömannanefndar um framleiðslu og vinnslu mjólkur

Nóvember 1997

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Umhverfi mjólkurframleiðslunnar	4
2.1. Lagalegt umhverfi mjólkurframleiðslunnar	4
2.2. Álit Sjömannanefndar 1992	4
2.3. Tillögur Sjömannanefndar 1992	5
3. Þróun mjólkurframleiðslu og neyslu 1991 til 1996	6
3.1. Starfsumhverfi mjólkurframleiðslunnar	6
3.2. Innvigtun mjólkur 1991 til 1996	7
3.3. Ráðstöfun mjólkur til einstakra þátta vinnslu og neyslu 1991 til 1996	7
4. Nautgripakjötsframleiðsla	11
4.1. Framleiðsla og neysla nautgripakjöts	11
4.2. Verðlagning nautgripakjöts	12
4.3. Kynbætur	12
5. Fjöldi bænda og þróun bústærðar	13
5.1. Fjöldi mjólkurframleiðenda og þróun meðalinnleggs	13
5.2. Stærð kúabúa	14
5.3. Þróun afurða hjá íslenskum mjólkurkúm	15
5.4. Tilfærsla greiðslumarks árin 1992-1996	16
5.5. Endumýjunarþörf fjósbygginga	17
6. Verðlag og afkoma	18
6.1. Verðmyndun mjólkur	18
6.2. Þróun verðvísitölu mjólkur til bænda í samanburði við vísitölu neysluverðs	18
6.3. Þróun smásöluverðs mjólkur, rjóma, osta og eggja árin 1991 til 1996 samanborið við önnur matvæli	19
6.4. Afkoma kúabænda 1992 til 1996	20
6.5. Félagsleg staða	21
7. Staða mjólkuriðnaðarins	22
7.1. Framleiðni í mjólkuriðnaðinum	22
7.2. Fækkun mjólkursamlaga	22
7.2.1. Fækkun mjólkursamlaga 1989-1992	22
7.2.2. Fækkun mjólkursamlaga 1992-1997	23
7.2.3. Áhrif fækkunar mjólkurbúa	23
8. Breytingar á rekstrarumhverfi	24
8.1. Auknar opinberar kröfur	24
9. Staða mjólkurframleiðslunnar	24
10. Markmið nýs búvörusamnings varðandi mjólk	25
11. Tillögur nefndarinnar - leiðir að markmiðum	25
11.1. Verðlagning mjólkur og mjólkurafurða	26
11.1.1. Verð til framleiðenda	26
11.1.2. Stuðningur við mjólkurframleiðsluna	27
11.1.3. Myndun heildsöluverðs	27
11.2. Framleiðslustjórnun	28
11.3. Hagræðing	29

1. Inngangur

Með bréfi dags. 23. september 1996 tilkynnti landbúnaðarráðherra að samkomulag hefði orðið milli aðila að Sjömannanefnd um áframhaldandi starf og starfsvettvang nefndarinnar við stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins. Verkefni nefndarinnar samkvæmt því yrðu eftirfarandi:

1. Athugun á rekstrarskilyrðum landbúnaðarins hérlendis í samanburði við nágrannalöndin.
2. Athugun á verðlagningu búvara og samkeppnislöggjöf með hliðsjón af hliðstæðum í nágrannalöndum okkar.
3. Innflutningsvernd fyrir landbúnaðarvörur.
4. Hagræðing við framleiðslu og vinnslu landbúnaðarvara.
5. Smásöluverslun og verðlagslöggjöf um viðskipti með búvörur.

Nefndinni var falið að móta umfjöllun þessara málaflokka og annarra, sem tengjast stefnumörkun að mati nefndarinnar.

Að höfðu samráði við þá aðila, sem áttu aðild að Sjömannanefnd voru eftirtaldir aðilar skipaðir í nefndina:

Guðmundur Sigþórsson, skrifstofustjóri sem jafnframt er formaður nefndarinnar, tilnefndur af landbúnaðarráðuneytinu. Varamaður Jón Erlingur Jónasson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Varamaður Björn Arnórsson, hagfræðingur.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands. Varamaður Guðmundur Gylfi Guðmundsson, hagfræðingur.

Jóngeir Hlinason, framkvæmdastjóri VMS, tilnefndur af Vinnumálasambandinu. Varamaður Árni Benediktsson, stjórnarformaður.

Guðni N. Aðalsteinsson, hagfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands án varamanns.

Ari Teitsson, formaður og **Þórólfur Sveinsson**, varaformaður, tilnefndir af Bændasamtökum Íslands. Varamaður Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri.

Hákon Sigurgrímsson, deildarstjóri, var skipaður ritari nefndarinnar.

Jón Sigurðsson tók sæti Árna Benediktssonar sem varamaður í nefndinni í janúar 1997 og í september 1997 tók hann sæti Jóngeirs Hlinasonar sem aðalmaður. Í september 1997 varð einnig sú breyting á skipan nefndarinnar að **Hannes G. Sigurðsson** tók sæti Guðna N. Aðalsteinssonar. Þá ákvað miðstjórn Alþýðusambands

Íslands í nóvember 1996 að draga fulltrúa sinn út úr Sjómannanefnd. Aðrir tilnefningaraðilar ákváðu að fulltrúar þeirra í nefndinni héldu áfram störfum. Þá hefur Björn Arnórsson, varamaður Ögmundar Jónssonar, annast störf í undirnefndum í Sjómannanefnd fyrir hönd hans.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var ákveðið að skipa þrjár undirnefndir sem ynnu að athugun ákveðinna þátta:

Nefnd I. Um rekstrarskilyrði landbúnaðarins hérlendis í samanburði við nágrannalöndin og um innflutningsvernd fyrir landbúnaðinn.

Nefnd II. Um verðlagningu landbúnaðarvara og samkeppnislöggjöf.

Nefnd III. Um mjólkurframleiðslu og vinnslu mjólkurvara.

Hér fara á eftir álit og tillögur Sjómannanefndar um mjólkurframleiðslu. Er þar byggt á álit undirnefndar III sem falið var að fjalla um þau mál og undirbúa tillögugerð. Í undirnefnd III áttu þessir sæti: Guðmundur Sigþórsson formaður, Jón Erlingur Jónsson, Ari Teitsson, Björn Arnórsson, Jón Sigurðsson og Guðmundur Lárusson. Einnig störfuðu með nefndinni þeir Guðbjörn Árnason, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, Óskar H. Gunnarsson, formaður Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Pálmi Vilhjálmsson, starfsmaður samtakanna og Guðmundur Stefánsson, hagfræðingur B.Í. Ritari nefndarinnar var Hákon Sigurgrímsson.


Við upphaf starfs í undirnefnd um málefni mjólkurframleiðslunnar var ákveðið að safna upplýsingum um stöðu mjólkurframleiðslunnar og mjólkuriðnaðarins, á þeim grundvelli, sem Sjómannanefnd starfaði eftir við gerð áfangaskýrslu um mjólkurframleiðslu frá maí 1992. Jafnframt að gera úttekt á þróun og stöðu mjólkurframleiðslunnar og mjólkuriðnaðarins á gildistíma samnings um stjórnun mjólkurframleiðslunnar frá 16. ágúst 1992.

Í starfi nefndarinnar hefur þurft að sætta ólík sjónarmið hagsmunaaðila að nefndinni um val leiða að þeim markmiðum sem sett eru fram. Til að ná sameiginlegri niðurstöðu hafa því nefndarmenn þurft að jafna með samningum ágreining um leiðir að hinum sameiginlegu markmiðum. Það er skoðun nefndarmanna að við gerð jafnviðamikilla breytinga á rekstrarskilyrðum framleiðslu og úrvinnslu mjólkur og tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir, verði að hafa fyrirvara um áhrif ófyrirséðrar framvindu, t.d. vegna efnahagslegra áfalla, alþjóðlegra samninga eða líkra aðstæðna er kynnu að stefna stöðu mjólkurframleiðslu í hættu, sem gæti þurft að bregðast við á ófyrirséðan hátt og tillögur nefndarinnar taka ekki til.


Tillögur nefndarinnar um markmið og leiðir í mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaði ná frá lokum gildandi búvörusamnings þann 31. ágúst 1998 til ársins 2005. Þær fela í sér að skapa nýtt og opnara rekstrarumhverfi í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða, bæta afkomu í greininni og að nýtt verði á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu


mjólkur fyrir markaði sem teljast hagkvæmir og að þeim stöðugleika verði viðhaldið sem náðst hefur fyrir tilstilli gildandi búvörusamnings.


Reykjavík 4. nóvember 1997,



Guðmundur Sigþórsson
formaður


Ari Teitsson


Björn Arnórsson


Hannes G. Sigurðsson


Jón Sigurðsson


Þórólfur Sveinsson

2. Umhverfi mjólkurframleiðslunnar

2.1. Lagalegt umhverfi mjólkurframleiðslunnar

Verðlagning, framleiðslustjórnun og meginskipulag mjólkurframleiðslunnar og mjólkurvinnslunnar byggist í öllum aðalatriðum á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum (oft nefnd búvörulögin). Í lögnum er m.a. fjallað um verðlagningu, verðmiðlun, vinnslu og sölu búvara og stjórn búvöruframleiðslunnar.

Verðlagning mjólkurafurða er tvískipt. Verðlagningu til bænda annast Verðlagsnefnd búvara („Sexmannanefnd“). Bændasamtökin eiga rétt á að tilnefna þrjá fulltrúa í nefndina og neytendur þrjá. Heildsöluverðlagning mjólkurvara er í höndum „Fimmannanefndar“ en í henni eiga sæti forstjóri Samkeppnisstofnunar sem er formaður, tveir fulltrúar neytenda og tveir fulltrúar afurðastöðva. Samkvæmt lögnum má enginn kaupa eða selja mjólkurvörur innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum búvörulaganna. Verðlagningin er því fastbundin og nær til allrar framleiðslu bænda og mikils meirihluta framleiðslu afurðastöðvanna. Fimmannanefnd verðlagði einnig ákveðnar vörur í smásölu, en þeirri verðlagningu var hætt og smásöluverðlagning á mjólk og mjólkurvörum gefin frjálts.

Verðmiðlun og verðtilfærsla milli mjólkurvara og mjólkursamlaga byggist einnig á þessum lögum. Markmiðið með verðmiðlun og verðtilfærslu er að jafna flutningskostnað og aðstöðu mjólkursamlaga og nýta verðteygni einstakra afurða til að nýta sem best rými markaðarins.

Einnig eru í búvörulögnum ákvæði um stjórnun búvöruframleiðslunnar. Í kaflanum um stjórn búvöruframleiðslunnar eru m.a. ákvæði sem heimila landbúnaðarráðherra að gera samning við sauðfjár- og mjólkurframleiðendur þar sem þeim er tryggt fullt verð fyrir ákveðið framleiðslumagn. Einnig eru þar ákvæði um beinar greiðslur frá ríkinu til framleiðenda þessara búvara sem koma í stað hluta afurðaverðs. Ákvæði laganna um framleiðslutakmarkanir eiga sér sögu allt aftur til ársins 1980 er svokallað búmark var tekið upp. Virk framleiðslustjórnun hófst þó ekki að marki fyrr en með breytingu búvörulaganna árið 1985 og gerð búvörusamningsins árið 1986. Með núgildandi búvörusamningi frá árinu 1992 og á grundvelli búvörulaga voru teknar upp beingreiðslur til bænda í ársbyrjun 1993 og jafnframt féllu þá niður allar niðurgreiðslur á heildsölustigi. Fyrir framleiðslu innan samnings, þ.e. innan greiðslumarks, fá framleiðendur mjólkur nú greidd 47,1% af afurðaverði frá ríkinu, en 52,9% frá afurðastöðvum.

2.2. Álit Sjömannanefndar 1992

Hinn 5. maí 1992 skilaði Sjömannanefnd „Áfangaskýrslu um mjólkurframleiðslu.“ Í álitinu nefndarinnar er að finna eftirfarandi lýsingu þar sem dregnar voru saman helstu staðreyndir um þróun mjólkurframleiðslunnar undanengin 10 ár og mat nefndarinnar á stöðu greinarinnar þá:

- Mjólkurframleiðendum hafði fækkað og mjólkurframleiðsla aukist á meðan mjólkurbúum hafði lítið fækkað.

- Þrátt fyrir umtalsverða raunlækkun á verði mjólkur til bænda hafði dregið úr mjólkurneyslu á mann sem nam rúmlega 1% á ári sl. áratug.
- Færa þurfti fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu niður um 5 milljónir lítra.
- Horfur voru á að innan skamms tíma stæði mjólkurframleiðslan frammi fyrir aukinni samkeppni frá innfluttum mjólkurvörum.
- Samkvæmt drögum að GATT-samningi var gert ráð fyrir að sú tollvernd sem mjólkurframleiðslan nyti lækkaði að lágmarki um 15% á 6 árum.
- Samdráttur í framleiðslu, bættar samgöngur, aukið geymsluþol mjólkurvara og fullkomnari umbúðatækni hafði raskað forsendum þess skipulags sem mjólkurframleiðan byggði á.
- Umtalsverð umframfjárfesting var í framleiðsluaðstöðu hjá bændum og í mjólkuriðnaðinum.
- Verðmiðlunarkerfið hafði unnið gegn hagræðingu í mjólkurframleiðslunni.
- Verulegir möguleikar voru til lækkunar framleiðslukostnaðar hjá bændum með betra skipulagi í framleiðslu og bættri nýtingu fjárfestinga hjá mjólkurframleiðendum.
- Auka mátti hagkvæmni mjólkurvinnslunnar með fækkun rekstrareininga og/eða aukinni sérhæfingu og samvinnu innan greinarinnar.

2.3. Tillögur Sjömannanefndar 1992

Tillögur þær sem Sjömannanefnd skilaði hinn 5. maí 1992 miðuðu að eftirfarandi:

- Að mjólkurframleiðslan yrði aðlöguð innanlandsmarkaði, útflutningi hætt og dregið úr útgjöldum ríkissjóðs.
- Að framleiðsluverð á mjólkurafurðum yrði lækkað og kröfum neytenda þannig mætt og samkeppnisstaða mjólkurafurða styrkt á matvörumarkaðnum.
- Að afkomumöguleikar þess fólks sem vinna myndi við þessar greinar, þegar jafnvægi er náð, yrðu ekki lakari en annarra stétta;
- Að bændum gæfist eðlilegt svigrúm til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Fram kemur að tillögurnar taki mið af þeim breytingum sem kunnir að verða í milliríkjavarslun vegna alþjóðlegra samninga. Einnig að nefndin vilji stefna að því að innlend búvöruframleiðsla haldi eins mikilli markaðshlutdeild fyrir mjólkurafurðir og unnt er. Eigi það að takast sé ljóst að á næstu árum þurfi verð afurðanna að lækka umfram lækkun tollverndar samkvæmt alþjóðlegum samningum.

Helstu tillögur nefndarinnar voru eftirfarandi:

- Að virkur fullvirðisréttur færðist úr 104.5 millj. lítra í 100 millj. lítra haustið 1992.
- Að greiðslumark yrði bundið við lögbyli en viðskipti heimiluð.
- Að fé yrði veitt úr verðmiðlunarsjóði til úreldingar mjólkurbúa og hjá bændum.
- Að verðlagningarkerfi mjólkurafurða yrði tekið til endurskoðunar (1. jan. 1995).
- Að tiltekin krafa yrði gerð til bænda og mjólkursamlaga um hagræðingu.
- Að verðmiðlun mjólkur yrði aflögð en þess í stað tekin upp flutningajöfnun á mjólk er tryggð sama verð um allt land.

- Að landið yrði eitt sölusvæði og mjólkurbúum í sjálfsvald sett hvort þau störfuðu sjálfstætt, tækju upp samvinnu/verkaskiptingu sín á milli eða sameinuðust.
- Að einkaréttur mjólkurbús til sölu innan sölusvæðis félli niður.
- Að verðtilfærsla til þess að jafna framlegð mismunandi framleiðslutegunda á milli mjólkurbúa yrði heimiluð.
- Að verðhlutföll milli fitu og eggjahvítu yrðu endurskoðuð til þess að draga úr verðtilfærsluþörf.
- Að niðurgreiðslum á heildsölustigi yrði hætt 1. janúar 1993 en í stað þeirra teknar upp beingreiðslur til bænda.

Hinn 15. ágúst 1992 var undirritaður samningur um stjórn mjólkurframleiðslunnar milli Stéttarsambands bænda og ríkisstjórnar Íslands. Samningurinn byggði í öllum aðalatriðum á tillögum Sjömannanefndar. Helsta frávikið var að hagræðingarkrafa sem gerð var til framleiðenda var lækkuð úr 6% í 5%. Þá hefur sú endurskoðun á verðlagskerfi mjólkurinnar, sem nefndin lagði til að gerð yrði fyrir árslok 1994, og ákvæði eru um í samningnum, ekki farið fram.

3. Þróun mjólkurframleiðslu og neyslu 1991 til 1996

3.1. Starfsumhverfi mjólkurframleiðslunnar

Framleiðsluverðmæti í íslenskum landbúnaði (reiknað á verði til bænda) var nær 17,0 milljarðar króna á árinu 1996 (meðtalin eru afurðir úr fiskeldi og hlunnindi). Þar af var hlutur nautgriparræktarinnar nær 6,4 milljarðar eða sem nemur 37,6% og er greinin hlutfallslega stærst meðal búgreina í íslenskum landbúnaði. Til samanburðar má nefna, að samkvæmt sömu forsendum var þáttur sauðfjárræktarinnar um 3,5 milljarðar, eða 20,6%. Samanlagður þáttur hefðbundinna búgreina, þ.e. nautgripa- og sauðfjárræktar, í heildarframleiðsluverðmæti í íslenskum landbúnaði var því nær 58% á árinu 1996. Fyrir áratug síðan nam hlutdeild þeirra 73%.

Starfsumhverfi í landbúnaði hefur tekið umtalsverðum breytingum á síðustu árum og fyrirséð er, að þær halda áfram. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun féllu framlög ríkisins til landbúnaðarins úr 9,8% af heildarútgjöldum ríkisins á árinu 1989 í 4,2% á árinu 1996. Þessi samdráttur var í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að draga úr beinum fjárhagslegum stuðningi við landbúnað.

Tafla 3.1.1 sýnir samdrátt í framleiðslustyrkjum og fjármagnstílfærslum til landbúnaðar árin 1991 til 1997 í milljónum króna á verðlagi í maí 1997.

Tafla 3.1.1. Opinber framlög til landbúnaðar árin 1991-1997 (m. kr.).

1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
14.174	13.418	9.240	7.983	7.693	7.729	7.437

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið.

Ekki eru tiltækar tölur fyrir mjólkurframleiðsluna sérstaklega, en sama þróun á þó við um hana. Efnahags- og samvinnustofnunin, OECD, birtir árlega svokölluð PSE-gildi

fyrir aðildarlönd stofnunarinnar. Um er að ræða stuðul sem sýnir stuðning við landbúnað í hinum einstöku löndum. Fyrir íslenskan landbúnað í heild hefur PSE-gildið lækkað úr 81% árin 1986-1988 í 68% árið 1996. Ef stuðningur við mjólkurframleiðsluna er tekinn sérstaklega hefur hlutfallið lækkað úr 89% árin 1986-1988 í 79% árið 1996. Ísland er þó enn í hópi þeirra þjóða sem veita mestan stuðning skv. þessum útreikningum.

3.2. Innvigtun mjólkur 1991 til 1996

Samdráttur í mjólkurframleiðslu á tímabilinu 1991 til 1996 er á landinu öllu 3,7%. Um er að ræða samdrátt hjá öllum mjólkursamlögum nema samlögunum í Búðardal, á Sauðárkróki, Húsavík og Vopnafirði. Heildarsamdráttur á 1. sölusvæði, þ.e. svæði Mjólkursamsögunnar í Reykjavík sem nær frá Barðaströnd í vestri til Hornafjarðar í austri, er 4,3% eða nokkru meiri en á landinu öllu. Hjá mjólkursamlögunum á Akureyri er samdrátturinn 4,4%.

Tafla 3.2.1 sýnir breytingar á innvigtun mjólkur hjá einstökum mjólkursamlögum og heildarinnvigtun mjólkur árin 1991 til 1996.

Tafla 3.2.1. Innvigtun hjá mjólkursamlögunum 1991 – 1996 í þús. lítra.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Ms. Reykjavík	4.192	3.939	3.864	3.850	3.775	3.572	-14,8
Ms. Borgarnesi *	9.764	9.212	9.255	9.435	9.525	9.591	-1,8
Ms. Búðardal	3.115	2.870	3.637	3.911	3.692	3.806	22,2
Ms. Patreksfirði **	1.029	927	275	0	0	0	-100,0
Ms. Ísafirði	1.694	1.637	1.540	1.520	1.317	1.331	-21,4
Ms. Hvammst.	2.551	2.362	2.410	2.489	2.509	2.463	-3,4
Ms. Blönduósi	4.062	3.702	3.701	3.816	3.947	4.012	-1,2
Ms. Sauðárkróki	8.526	7.733	7.834	8.250	8.421	8.662	1,6
Ms. Akureyri	20.464	19.936	19.486	20.096	20.489	19.558	-4,4
Ms. Húsavík	6.201	6.031	5.780	6.367	6.490	6.241	0,7
Ms. Vopnafirði	771	763	763	837	882	845	9,6
Ms. Egilsstöðum	2.921	2.665	2.653	2.716	2.738	2.819	-3,5
Ms. Norðfirði	626	573	602	558	549	542	-13,5
Ms. Hornafirði ***	1.865	1.536	1.575	1.693	1.844	1.736	-6,9
Mb. Flóamanna	37.729	35.835	36.540	36.515	36.686	36.464	-3,4
Samtals	105.510	99.772	99.917	102.052	102.864	101.643	-3,7

* Á árinu 1996 var vinnsla mjólkur hætt í mjólkursamlögunum í Borgarnesi með tilstyrk úreldingarsjóðs og frá janúar 1997 færðist allt mjólkurinnlegg bænda á svæðinu til Ms. í Reykjavík.

** Innleggjendur Ms. Patreksfjarðar fluttust til Ms. í Búðardal í árslok 1993.

*** Á árinu 1996 var tekin ákvörðun um úreldingu Ms. á Hornafirði með tilstyrk úreldingarsjóðs, og fluttist mjólkurinnlegg bænda á svæðinu annars vegar til Ms. á Egilsstöðum og hins vegar til Mjólkurbús Flóamanna frá 1. janúar 1997.

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins. Útreikningur Sjómannanefndar.

3.3. Ráðstöfun mjólkur til einstakra þátta vinnslu og neyslu 1991 til 1996

Tafla 3.3.1 sýnir neyslu mjólkur og mjólkurvara árin 1991-1996. Neysla drykkjarmjólkur hefur dregist saman á tímabilinu um 4,6%, neysla skyrts og kvargs um

9,6% og sala dufts (nýmjólkur- og undanrennuduft) um 22,4%. Á sama tíma hefur neysla á ostum stóruaust eða um 26,1%. Breyting á neyslu annarra afurða er minni.

Tafla 3.3.1. Neysla mjólkurvara 1991-1996 (þús. ltr./kg).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk, ltr.	44.923	45.117	44.839	43.693	42.278	42.846	-4,6
Rjómi, ltr.	1.902	1.898	1.879	1.938	1.949	1.953	2,7
Sýrðar mjólkurvörur, ltr.	3.854	3.888	3.940	3.926	3.970	3.955	2,6
Jógúrtvörur, ltr.	2.478	2.557	2.743	2.621	2.579	2.475	-0,1
Skyr og kvarg, kg	1.457	1.358	1.295	1.412	1.387	1.317	-9,6
Viðbit, kg	1.625	1.636	1.670	1.717	1.656	1.610	-0,9
Ostar, kg	2.799	2.997	3.225	3.351	3.466	3.530	26,1
Duft, kg	757	482	445	501	566	587	-22,4
Aðrar mjólkurvörur, kg	255	424	401	333	347	457	79,5

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjómannanefndar.

Í töflum 3.3.2 til og með 3.3.9 er m.a. sýnd neysla mjólkur og mjólkurafurða umreiknuð í hrámjólk, annarsvegar eftir fituinnihaldi mjólkurinnar en hinsvegar eftir próteininnihaldi. Við þá útreikninga kemur í ljós að sem stendur verður til afgangur af fitu sem fluttur er út, þar sem ekki er jöfn notkun þessara efna vegna vaxandi neyslu á magrari mjólkurafurðum, t.d. léttmjólk. Við lestur áður nefndra taflna þarf að hafa í huga að meðalfituinnihald mjólkurinnar er 3,9-4,0% en próteininnihald er 3,3-3,4%.

Í töflu 3.3.2 er sýnd neysla mjólkur og mjólkurafurða í lítrum hrámjólkur, umreiknuð m.v. fituinnihald mjólkurinnar. Miðað við þennan reikningsmáta hefur heildarneysla mjólkur í meginatriðum haldist óbreytt á gildistíma búvörusamningsins, en tilfærsla orðið milli einstakra vöruflokka. Umtalsverður samdráttur hefur orðið í neyslu drykkjarmjólkur á tímabilinu eða úr 32,7 millj. lítra árið 1991 í 28,3 millj. lítra árið 1996. Er það samdráttur um 13,5%. Neysla á mjólk í ostum hefur aukist umtalsvert eða úr 16,9 millj. ltr. í 20,8 millj. sem er aukning um 23,2%. Athygli vekur að neysla á viðbiti hefur haldist því nær óbreytt í lítrum mjólkur talin.

Tafla 3.3.2. Neysla mjólkurvara 1991-1996 umreiknuð í ltr. mjólkur m.v. fitu (þús. ltr.).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk	32.680	31.631	30.313	29.427	28.618	28.282	-13,5
Rjómi	16.038	15.915	15.731	16.148	16.183	16.134	0,6
Sýrðar mjólkurvörur	3.671	3.668	3.786	3.816	3.879	3.872	5,5
Jógúrtvörur	2.304	2.587	2.677	2.472	2.532	2.355	2,2
Skyr og kvarg	476	424	342	456	476	436	-8,4
Viðbit	25.102	24.364	25.263	26.605	25.707	25.339	0,9
Ostar	16.922	17.966	19.109	19.936	20.490	20.846	23,2
Duft	1.557	868	887	1.126	1.339	1.373	-11,8
Aðrar mjólkurvörur	351	351	387	386	447	600	70,9
Samtals	99.101	97.774	98.495	100.372	99.671	99.237	0,1

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjómannanefndar.

Í töflu 3.3.3 sést neysla mjólkur og mjólkurvara í lítrum hrámjólkur, umreiknuð m.v. **próteininnihald** mjólkurinnar. Miðað við þennan útreikning hefur heildarneyslan aukist um 3,1% á árunum 1991-1996. Neysla drykkjarmjólkur hefur einungis dregist saman um 2,6% á tímabilinu, en neysla rjóma og sýrðra mjólkurvara aukist lítillega. Neysla skyr og kvarg dróst saman um 14,8% og neysla viðbits um 3,8%. Neysla osta hefur hins vegar aukist um 26,2%.

Tafla 3.3.3 Neysla mjólkurvara 1991-1996 umreiknuð í lítra mjólkur m.v. prótein (þús. ltr.).

Heiti	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk	45.473	45.730	45.829	45.155	43.623	44.285	-2,6%
Rjómi	1.358	1.360	1.348	1.394	1.404	1.410	3,8%
Sýrðar mjólkurvörur	3.884	3.915	3.969	3.952	3.987	3.968	2,2%
Jógúrtvörur	2.209	2.213	2.326	2.197	2.156	2.075	-6,0%
Skyr og kvarg	6.675	6.220	5.758	6.092	5.965	5.689	-14,8%
Viðbit	3.101	3.295	3.274	3.291	3.135	2.983	-3,8%
Ostar	27.158	29.100	31.556	32.785	33.804	34.286	26,2%
Duft	8.337	5.389	4.952	5.535	6.214	6.472	-22,4%
Aðrar mjólkurvörur	230	251	280	275	301	335	45,5%
Samtals	98.425	97.472	99.292	100.676	100.590	101.503	3,1%

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjómannanefndar.

Í töflu 3.3.4 er sýnd neysla mjólkurafurða á **íbúa** árin 1991-1996. Neysla á drykkjarmjólk hefur dregist saman um 8,5%, neysla viðbits um 5,0% og neysla á ostum hefur aukist um 20,9%. Ef frá eru taldir ostar og „aðrar mjólkurvörur“, hefur neysla allra mjólkurvara á íbúa dregist saman á tímabilinu.

Tafla 3.3.4. Neysla mjólkurvara á íbúa 1991-1996 (ltr. og kg).

	1991	1992	1993	1994	1994	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk, ltr.	174,1	173,5	169,8	164,3	158,3	159,3	-8,5
Rjómi, ltr.	7,4	7,3	7,1	7,3	7,3	7,3	-1,5
Sýrðar mjólkurvörur, ltr.	14,9	15,0	14,9	14,8	14,9	14,7	-1,6
Jógúrtvörur, ltr.	9,6	9,8	10,4	9,9	9,7	9,2	-4,2
Skyr og kvarg, kg	5,6	5,2	4,9	5,3	5,2	4,9	-13,3
Viðbit, kg	6,3	6,3	6,3	6,5	6,2	6,0	-5,0
Ostar, kg	10,9	11,5	12,2	12,6	13,0	13,1	20,9
Duft, kg	2,9	1,9	1,7	1,9	2,1	2,2	-25,6
Aðrar mjólkurvörur, kg	1,0	1,6	1,5	1,3	1,3	1,7	72,2

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjómannanefndar.

Í töflu 3.3.5 kemur fram að neysla mjólkurvara í lítrum á **íbúa** umreiknuð í mjólk m.v. **fituinnihald** mjólkurinnar hefur dregist saman úr 384,1 ltr. á íbúa árið 1991 í 368,9 lítra árið 1996 eða um 4,0%. Neysla á drykkjarmjólk hefur dregist mun meira saman eða um 17,0%. Ef litið er aftur til ársins 1980 hefur neysla mjólkur á íbúa minnkað úr 463,4 ltr. á íbúa á ári í 368,9 lítra eða um 20,4%.

Tafla 3.3.5. Neysla mjólkurvara í lítrum á íbúa 1991-1996, umreiknuð í mjólk m.v. fitu.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk	126,7	121,7	114,8	110,6	107,2	105,1	-17,0
Rjómi	62,2	61,2	59,6	60,7	60,6	60,0	-3,5
Sýrðar mjólkurvörur	14,2	14,1	14,3	14,3	14,5	14,4	1,2
Jógúrtvörur	8,9	9,9	10,1	9,3	9,5	8,8	-2,0
Skýr og kvarg	1,8	1,6	1,3	1,7	1,8	1,6	-12,1
Viðbit	97,3	93,7	95,7	100,0	96,3	94,2	-3,2
Ostar	65,6	69,1	72,4	74,9	76,7	77,5	18,2
Duft	6,0	3,3	3,4	4,2	5,0	5,1	-15,4
Aðrar mjólkurvörur	1,4	1,4	1,5	1,5	1,7	2,2	63,7
Samtals	384,1	376,1	373,1	377,3	373,3	368,9	-4,0

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjómannanefndar.

Í töflu 3.3.6 sést neysla mjólkurvara á íbúa árin 1991-1996 umreiknuð í lítra mjólkur m.v. próteininnihald mjólkurinnar. Neysla osta hefur aukist um 21,1%, en neysla flestra annarra mjólkurvara dregist saman. Í heild hefur neysla mjólkurvara, m.v. prótein, dregist saman um 4,2 lítra eða 1,1% á tímabilinu.

Tafla 3.3.6. Neysla mjólkurvara í lítrum á íbúa 1991-1996, umreiknuð í mjólk m.v. prótein.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Drykkjarmjólk	176,3	175,9	173,6	169,8	163,4	164,6	-6,6%
Rjómi	5,3	5,2	5,1	5,2	5,3	5,2	-0,5%
Sýrðar mjólkurvörur	15,1	15,1	15,0	14,9	14,9	14,8	-2,0%
Jógúrtvörur	8,6	8,5	8,8	8,3	8,1	7,7	-9,9%
Skýr og kvarg	25,9	23,9	21,8	22,9	22,3	21,1	-18,3%
Viðbit	12,0	12,7	12,4	12,4	11,7	11,1	-7,8%
Ostar	105,3	111,9	119,5	123,3	126,6	127,5	21,1%
Duft	32,3	20,7	18,8	20,8	23,3	24,1	-25,5%
Aðrar mjólkurvörur	0,9	1,0	1,1	1,0	1,1	1,2	39,5%
Samtals	381,5	374,9	376,1	378,5	376,7	377,3	-1,1%

Útflutningur mjólkurvara hefur verið lítill undanfarin ár. Á árunum 1991 og 1992 var flutt út talsvert magn af ostum og undanrennuþufti. Þessi útflutningur kom til vegna sérstaks átaks til að lækka birgðir samkvæmt búvörusamningi. Árið 1994 voru flutt út 458 tonn af smjöri, en árin 1995 og 1996 var útflutningurinn mun minni. Þessi útflutningur er einkum tilkominn vegna misvægis milli fitu og próteins í framleiðslunni m.v. sölu. Í töflu 3.3.7 sést útflutningur mjólkurvara árin 1991-1996.

Tafla 3.3.7. Útflutningur mjólkurvara 1991-1996 (þús. kg).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1991-1996 breyt. í %
Viðbit	0	4	24	458	89	25	0,0
Ostar	794	497	0	0	0	78	-90,2
Duft	0	140	0	0	0	0	0,0
Samtals	794	641	24	458	89	103	-87,1

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjómannanefndar.

Í töflu 3.3.8 er sýndur útflutningur mjólkurvara árin 1991-1996 umreiknaður í lítra mjólkur m.v. fituinnihald mjólkurinnar og í töflu 3.3.9 er hliðstæður útreikningur m.v. próteininnihald mjólkurinnar. Hafa verður í huga að við útflutning á viðbiti (smjöri) er einungis verið að flytja út fituna úr mjólkinni, en við útflutning á ostum bæði fitu- og próteinhluta. Þetta ber að hafa í huga þegar útflutningstölur eru skoðaðar á fitugrundvelli annars vegar og próteingrundvelli hins vegar.

Tafla 3.3.8. Útflutningur mjólkurvara 1991-1996 umreiknaður í mjólk, m.v. fitu (þús. ltr.).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Viðbit	0	82	493	9.389	1.799	513
Ostar	4.084	3.456	0	0	2	541
Duft	0	991	0	0	3	0
Samtals	4.084	4.529	493	9.389	1.804	1.054

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjömannanefndar.

Tafla 3.3.9. Útflutningur mjólkurvara 1991-1996 umreiknaður í mjólk m.v. prótein (þús. ltr.).

	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Viðbit	0	6	36	685	134	37
Ostar	8.809	4.962	0	0	3	774
Duft	0	1.274	0	0	4	0
Samtals	8.809	6.242	36	685	140	812

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Útreikningur Sjömannanefndar.

4. Nautgripakjötsframleiðsla

4.1. Framleiðsla og neysla nautgripakjöts

Frá árinu 1991 til ársins 1996 var innvegið nautgripakjöt frá 3.000 til 3.500 tonn á ári en sveiflaðist milli 2 og 3 þúsund tonn næstu ár þar á undan. Til viðbótar þessu kemur heimaslátrun sem erfitt er að áætla. Mikil framleiðsla nautgripakjöts á árunum 1993 og 1994 olli offramboði og verð til bænda var lækkað í um 60% af reiknuðu grundvallarverði. Til að bregðast við þessum aðstæðum stóð Landssamband kúabænda ásamt fleirum að stofnun fyrirtækisins Kjötframleiðendur ehf. til að jafna framboð og eftirspurn.

Tafla 4.1.1 sýnir innvigtun og neyslu nautgripakjöts árin 1980-1996 og neyslu nautgripakjöts sem hlutfall af heildarkjötneyslu í landinu sama tímabil. Neysla á nautgripakjöti óx á árabílinu 1980 til 1987 en hefur nokkurn veginn staðið í stað síðan. Hlutfall nautgripakjöts af heildarkjötneyslu hefur aukist úr 15,8% í 20,0% frá 1980 til 1996 og neysla á íbúa hefur aukist úr 10,6 í 12,2 kg.

Tafla 4.1.1. Framleiðsla og neysla nautgripakjöts 1980-1996 (þús. kg).

	Framl. tonn	Framl. 1980=100	Neysla tonn	Neysla 1980=100	Neysla á fbúa, kg	Kjötneysla alls, tonn	Nautgr.kjöt hlutfall
1980	1.983	100,0	2.413	100,0	10,6	15.226	15,8
1981	2.266	114,3	2.423	100,4	10,5	15.170	16,0
1982	2.156	108,7	2.390	99,0	10,2	16.415	14,6
1983	2.495	125,8	2.090	86,6	8,8	16.088	13,0
1984	2.491	125,6	2.253	93,4	9,4	15.772	14,3
1985	2.740	138,2	2.592	107,4	10,7	16.734	15,5
1986	3.126	157,6	2.620	108,6	10,8	14.841	17,7
1987	3.068	154,7	3.579	148,3	14,6	16.899	21,2
1988	2.923	147,4	3.372	139,7	13,5	16.385	20,6
1989	2.888	145,6	2.954	122,4	11,7	16.150	18,3
1990	2.921	147,3	2.857	118,4	11,2	16.070	17,8
1991	2.998	151,2	3.120	129,3	12,1	15.906	19,6
1992	3.378	170,3	3.357	139,1	13,1	16.284	20,6
1993	3.399	171,4	3.126	129,5	12,1	16.271	19,2
1994	3.545	178,8	3.252	134,8	12,2	15.628	20,8
1995	3.061	154,4	3.160	131,0	11,8	15.960	19,8
1996	3.142	158,4	3.276	135,8	12,2	16.345	20,0

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins. Útreikningur Sjómanna nefndar.

4.2. Verðlagning nautgripakjöts

Verð til bænda á nautgripakjöti hefur um langt skeið verið ákveðið af Verðlagsnefnd búvara. Samkvæmt ákvæðum 18. gr. búvörulaganna má enginn kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt þeim lögum. Hins vegar mega bændur framleiða eins mikið af nautgripakjöti og þeir vilja. Þegar framleiðslan er meiri en innlendur markaður getur tekið við, eykst tilhneiging til að sniðganga hina opinberu verðlagningu. Föst verðlagning er því í raun ekki framkvæmanleg nema samfara stýringu á framboði.

Þegar heilðsöluverðlagning á sauðfjárafurðum verður aflögð, í samræmi við ákvæði í gildandi samningi ríkis og bænda um framleiðslu sauðfjárafurða, má segja að markaðurinn ráði verðmyndun allra kjöttegunda sem eru á markaði hér á landi nema nautgripakjöts. Möguleikar nautgripakjöts til samkeppni við aðrar kjöttegundir sem lúta lögmálum markaðarins, að því er verðmyndun varðar, eru mjög takmarkaðir á meðan það er háð opinberri verðlagningu.

4.3. Kynbætur

Nautgripakjötsframleiðslan er nú að meginhluta stunduð sem hliðarbúgrein með mjólkurframleiðslunni og áætlað er að tekjur af framleiðslu þess séu um 10% af heildartekjum mjólkurframleiðenda. Hin seinni ár hefur þó færst í vöxt að bændur sem stunda nautgripakjötsframleiðslu kaupi kálfa af mjólkurframleiðendum og ali þá upp til slátrunar. Þá hefur einnig fjölgað þeim nautgripakjötsframleiðendum sem eiga hjarðir af Galloway-blendingum. Galloway-kynið hefur þótt standa sig vel við íslenskar aðstæður og virðist hafa allnokkra yfirburði miðað við íslenska kúakynið hvað varðar vaxtarhraða, holdfyllingu og framlegð á hvert framleitt kíló.

Töluverður áhugi hefur verið á því að bæta nautgripakjötsframleiðsluna enn frekar og á árunum 1991 og 1992 fór Landssamband kúabænda að vinna að undirbúningi á innflutningi á nýjum nautgripakynjum til kjóttframleiðslu. Árið 1994 fékkst leyfi til að flytja inn fósturvísu af Aberdeen Angus og Limousine holdakynjum frá Danmörku og koma þeim fyrir í fósturmæðrum í einangrunarstöðinni í Hrísey. Sæðing með sæði úr nautum af þessum kynjum hófst haustið 1996 og fæddust fyrstu kálfarnir í maí 1997. Vaxtargeta hjá blendingum af þessum kynjum er talin vera 15 til 25% meiri en af hreinum innlendum gripum. Með tilkomu þessara nýju kynja skapast möguleikar til þess að auka framleiðslu á nautgripakjöti í hærri gæðaflokkum.

5. Fjöldi bænda og þróun bústærðar

5.1. Fjöldi mjólkurframleiðenda og þróun meðalinnleggs

Árið 1980, þegar framleiðslustýring í mjólkurframleiðslunni var tekin upp, voru mjólkurframleiðendur 2.262. Árið 1996 voru þeir 1.291 og hafði því fækkað um 971 eða um 42,9%. Á sama tímabili jókst meðalinnlegg um 31.400 lítra, úr 47.300 í 78.700 lítra eða um 66,4%. Á árabílinu 1992 til 1996, eða á gildistíma núverandi samnings um stjórn mjólkurframleiðslunnar, fækkaði mjólkurframleiðendum um 218 eða um 14,4%. Á sama tíma jókst meðalinnlegg um 8.800 lítra eða um 12,6%.

Tafla 5.1.1. sýnir þróun meðalinnleggs frá upphafi framleiðslustjórnunar árið 1980 til ársins 1996 og hlutfallsbreytingar milli ára.

Tafla 5.1.1. Fjöldi mjólkurinnleggjenda hjá mjólkursamlögnum 1980-1996.

	Innleggjendur			Meðal innlegg		
	Fjöldi pr. 31. des.	1980=100	Breyt. milli ára, %	Lítrar pr. framl.	1980=100	Breyt. milli ára, %
1980	2.262	100,0	0,0	47.300	100,0	0,0
1981	2.198	97,2	-2,8	46.900	99,2	-0,8
1982	2.144	94,8	-2,5	48.800	103,2	4,1
1983	2.062	91,2	-3,8	51.600	109,1	5,7
1984	2.010	88,9	-2,5	54.000	114,2	4,7
1985	1.973	87,2	-1,8	58.700	124,1	8,7
1986	1.822	80,5	-7,7	60.300	127,5	2,7
1987	1.729	76,4	-5,1	61.700	130,4	2,3
1988	1.650	72,9	-4,6	62.200	131,5	0,8
1989	1.595	70,5	-3,3	62.600	132,3	0,6
1990	1.558	68,9	-2,3	68.700	145,2	9,7
1991	1.509	66,7	-3,1	69.900	147,8	1,7
1992	1.456	64,6	-3,1	69.900	147,8	0,0
1993	1.427	63,1	-2,4	70.000	148,0	0,1
1994	1.388	61,4	-2,7	73.500	155,4	5,0
1995	1.332	58,9	-4,0	77.200	163,2	5,0
1996	1.291	57,1	-3,1	78.700	166,4	1,9

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins. Utreikningur Sjómannanefndar.

Tafla 5.1.2. Fjöldi mjólkurinnleggjenda eftir samlagssvæðum og fækkun þeirra á árunum 1982 til 1992 og 1992 til 1996.

	1982	1992		1996			
	Fjöldi	Fjöldi	Fækkun á ári	Fækkun á ári í %	Fjöldi	Fækkun á ári	Fækkun á ári í %
Mjólkursamsalan	87	57	3,0	4,1%	45	3,0	5,7%
Mjólkursaml. Borgarnesi	206	149	5,7	3,2%	134	3,8	2,6%
Mjólkursaml. Búðardal	132	76	5,6	5,4%	62	3,5	5,0%
Mjólkursaml. Ísafirðinga	63	36	2,7	5,4%	28	2,0	6,1%
Mjólkursaml. Hvammstanga	72	48	2,4	4,0%	40	2,0	4,5%
Mjólkursaml. Blönduósi	82	65	1,7	2,3%	62	0,8	1,2%
Mjólkursaml. Sauðárkróki	167	129	3,8	2,6%	106	5,8	4,8%
Mjólkursaml. KEA	257	205	5,2	2,2%	181	6,0	3,1%
Mjólkursaml. Húsavík	140	103	3,7	3,0%	94	2,3	2,3%
Mjólkursaml. Vopnafirði	15	11	0,4	3,1%	12	-0,3	-2,2%
Mjólkursaml. Egilsstöðum	86	50	3,6	5,3%	43	1,8	3,7%
Mjólkursaml. Norðfirði	11	7	0,4	4,4%	6	0,3	3,8%
Mjólkursaml. Hornafirði	73	34	3,9	7,4%	33	0,3	0,7%
Mjólkursaml. Flóamanna	753	486	26,7	4,3%	445	10,3	2,2%
Alls	2.144	1.456	68,8	3,8%	1.291	41,3	3,0%

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið.

Frá árinu 1982 og til ársins 1996 hefur mjólkurinnleggjendum fækkað úr 2.144 í 1.291 eða um 39,8%. Á þessu árabili hefur meðalinnlegg á framleiðanda aukist úr 48.800 lítrum mjólkur í 78.700 lítra mjólkur eða um 61,3%.

Sé þessum árum skipt upp í tímabil fyrir og eftir gildandi búvörusamning kemur í ljós býsna lík þróun. Þannig er árleg fækkun á landinu öllu fyrri tímabilið, þ.e. frá árinu 1982 til ársins 1992, 68,8 innleggjendur eða 3,8% árlega. Sama tímabil jókst meðalinnlegg um 2.110 lítra á ári eða um 3,7% að meðaltali. Eftir að búvörusamningurinn tók gildi árið 1992 og til ársins 1996 fækkaði mjólkurinnleggjendum árlega um 41,3 eða um 3,0% á ári að meðaltali. Á sama tímabili jókst meðalinnlegg um 2.200 lítra á ári eða 3,0% að meðaltali. Samkvæmt þessum tölum virðist gerð samningsins í sjálfu sér ekki hafa leitt til marktækrar breytingar á fjölda innleggjenda eða bústærð, a.m.k. ekki enn sem komið er. Við lestur á töflum 5.1.1 og 5.1.2 og töflum 5.2.1 og 5.2.2 er rétt að hafa í huga að í þeim fyrrnefndu er eingöngu um að ræða þá rétthafa greiðslumarks sem lögðu inn mjólk viðkomandi ár. Í töflum 5.2.1 og 5.2.2 eru teknir með allir rétthafar greiðslumarks í mjólk, án tillits til hvort það var virkt eða ekki.

Athygli vekur að innleggjendum fækkar hlutfallslega mest hjá minnstu mjólkursamlögunum, þ.e. samlögunum í Búðardal, Ísafirði, Hvammstanga og hjá Austfjarðabúunum á Egilsstöðum og á Norðfirði.

5.2. Stærð kúabúa

Í töflu 5.2.1 er sýnd stærðardreifing kúabúa í nóvember 1997 og í töflu 5.2.2 eru samskonar upplýsingar miðað við 1. janúar 1993. Árið 1997 eru 53,6% búanna með

greiðslumark undir 100.000 lítrum, en voru 68,3% árið 1993. Með greiðslumark yfir 150.000 lítra eru 11,6% nú, en voru 7,3% árið 1993. Meðalgreiðslumark var árið 1993 66.938 lítrar en er nú árið 1997, 78.192 lítrar. Þetta er aukning um rúma 11 þús. lítra eða 16,8%. Meðalaldur bænda er bæði árin 50 ár.

Tafla 5.2.1. Stærð kúabúa m.v. nóvember 1997.

Bústærð m.v. greiðslumark, ltr.	Greiðslumark þús. ltr.	Hlutfall af heild	Fjöldi býla	Meðal - greiðslumark	Meðalaldur bænda
Undir 25.000	1.130	1,1	113	10.000	56
25.001-50.000	9.248	9,1	235	39.354	53
50.001-75.000	18.015	17,7	290	62.119	50
75.001-100.000	26.179	25,7	300	87.264	49
100.001-125.000	22.564	22,1	205	110.070	47
125.001-150.000	13.035	12,8	96	135.778	46
150.001-175.000	6.091	6,0	38	160.287	48
175.001-200.000	2.229	2,2	12	185.750	49
Yfir 200.000	3.472	3,4	15	231.437	43
Samtals	101.963	100,0	1.304	78.192	50

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins. Útreikningur Sjómannanefndar.

Tafla 5.2.2. Stærð kúabúa m.v. 1. janúar 1993.

Bústærð m.v. greiðslumark, ltr.	Greiðslumark þús. ltr.	Hlutfall af heild	Fjöldi býla	Meðal - greiðslum.	Meðalaldur bænda
Undir 25.000	1.809	1,8	183	9.885	61
25.001-50.000	13.223	13,2	345	38.326	50
50.001-75.000	23.809	23,8	381	62.490	51
75.001-100.000	29.526	29,5	340	86.840	48
100.001-125.000	16.167	16,2	145	111.498	45
125.001-150.000	8.170	8,2	60	136.172	45
150.001-175.000	3.536	3,5	22	160.713	43
175.001-200.000	1.114	1,1	6	185.690	46
Yfir 200.000	2.651	2,7	12	220.929	42
Samtals	100.005	100,0	1.494	66.938	50

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins. Útreikningur Sjómannanefndar.

5.3. Þróun afurða hjá íslenskum mjólkurkúm

Samkvæmt skýrslum nautgriparæktarfélaganna árin 1980 til 1996, jukust afurðir eftir hverja kú úr 3.750 ltr. í um 4.150 ltr eða um 0,7% á ári til jafnaðar. Á þessu tímabili hefur fjöldi þátttakenda í skýrsluhaldi aukist talsvert þannig að gera má ráð fyrir að afurðir hafi í raun aukist meira en þessar tölur segja til um. Á sama tíma dróst kjarnfóðurgjöf umtalsvert saman og minnkaði úr 700 kg í 500 kg eða um 1,8% á ári að meðaltali. Ef gert er ráð fyrir að 1 kg af kjarnfóðri þurfi til að framleiða 2,5 kg af mjólk, má áætla að framleidd mjólk af gróffóðri eftir hverja kú hafi aukist úr 1.900 kg í 2.800 kg á tímabilinu eða um 3% á ári að jafnaði. Það eru því líkur á að unnt sé að auka afurðir íslenskra mjólkurkúa umtalsvert með breyttri og aukinni fôðrun, þ.e. með aukinni kjarnfóðurgjöf.

Framleiðslumhverfi er ákaflega mótandi um afurðasemi gripanna. Glöggt dæmi um það er annars vegar mjólkurframleiðslan á Nýja-Sjálandi, þar sem meðalnytin er innan við 4.000 ltr. á ári og hins vegar Ísrael, þar sem meðalafurðir eru um 10.000 lítrar á ári eftir kúna. Hér er um gripni af sama kyni að ræða. Undanfarin 10 ár hefur myndast um 1.000 lítra munur á meðalframleiðslu eftir grip af sama kyni í Noregi og Svíþjóð. Ástæðan er sú að Norðmenn hafa verið að aðlaga sig framleiðslutakmörkunum, hliðstæðum og hér á landi, en Svíar hafa ekki búið við framleiðslutakmarkanir og hafa nýtt afurðasemi gripanna með aukinni og bættri fóðrun. Það er því nauðsynlegt að átta sig á því að það er einungis erfðaeftnið sem flutt er á milli landa en ekki búskaparaðstæðurnar. Í íslenska kúastofninum er mikil afkastageta sem ekki hefur verið nýtt vegna þeirrar framleiðslustefnu sem hér hefur verið ríkjandi frá því framleiðslustjórnun var tekin upp í mjólkurframleiðslunni árið 1980.

5.4. Tilfærsla greiðslumarks árin 1992-1996

Afkoma mjólkurframleiðenda hefur undanfarin ár verið lakari að meðaltali en stefnt var að með samningnum frá 1992. Ástæður þessa má að nokkru rekja til kostnaðar við kaup á greiðslumarki og álitamál er hvort frjáls verslun með kvóta sem samningurinn leyfði hafi stuðlað að frekari fækkun framleiðenda og stækkun bóa en annars hefði orðið. Í framhaldi af búvörusamningnum frá 1992 var sala á greiðslumarki milli framleiðenda leyfð. Samkvæmt gögnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins hefur greiðslumark sem nemur 15,1 milljónum lítra færst á milli bænda á árunum 1991-1996. Ætla má að tilflutningur þessa greiðslumarks hafi kostað mjólkurframleiðendur tæpa 2 milljarða króna eða að meðaltali um 3-4 krónur á hvern innveginn mjólkurlíttra á ári.

Tafla 5.4.1. Færsla á greiðslumarki milli býla árin 1992-1996.

	Flutt greiðslumark milli bænda í þús. lítrum
1992	4.446
1993	2.461
1994	1.972
1995	3.352
1996	2.908
Samtals	15.139

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Ein hver hluti þeirrar tilfærslu sem orðið hefur með greiðslumark er vegna sameiningar greiðslumarks á eitt nafn á lögbýli þar sem fleiri voru skráðir rétthafar áður. Langmestur hluti tilfærslunnar er þó vegna viðskipta með greiðslumark. Það var eitt af markmiðunum með gerð búvörusamningsins að takmarka óhagkvæma framleiðslu, stækka búin og ná þannig fram hagræðingu til að efla samkeppnisstöðu mjólkurframleiðslunnar. Það markmið hefur ekki náðst nema að hluta.

5.5. Endurnýjunarpörf fjósbygginga.

Í könnun sem gerð var árið 1986 á aldri og nýtingu fjósa og fjárhúsa kom fram að mikill hluti fjósbygginga í landinu var reistur á árunum 1955 til 1965. Lægð virðist síðan í þessum framkvæmdum fram yfir 1970, en þá hófst annað uppbyggingartímabil sem stóð til ársins 1980, þegar framleiðslustjórnun er tekin upp. Frá þeim tíma hefur verulega dregið úr fjósbyggingum. Á undanförunum árum hefur nokkuð verið um endurbyggingar á eldri fjósum og greinilegt er að þetta er sú leið sem margir bændur velja til endurnýjunar á framleiðsluáðstöðu sinni.

Tafla 5.5.1 sýnir fjölda fjósbygginga sem Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur veitt lán til. Bæði er um að ræða ný fjós og stækkanir á eldri fjósum. Lækkandi meðalfjöldi bása síðustu árin stafar af því að aðallega er um að ræða stækkanir á eldri fjósum en ekki nýbyggingar.

Tafla 5.5.1. Lán Stofnlánadeildar til fjósbygginga 1975-1996.

	Byggingum lokið, fjöldi	Básafjöldi alls	Meðalfjöldi bása
1975	46	1.384	30,1
1976	47	1.422	30,3
1977	39	1.320	33,8
1978	36	890	24,7
1979	17	455	26,8
1980	16	350	21,9
1981	20	508	25,4
1982	21	505	24,0
1983	26	579	22,3
1984	23	774	33,7
1985	31	741	23,9
1986	22	504	22,9
1987	17	416	24,5
1988	13	308	23,7
1989	12	290	24,2
1990	6	172	28,7
1991	15	290	19,3
1992	16	318	19,9
1993	7	135	19,3
1994	9	143	15,9
1995	6	68	11,3
1996	8	145	18,1
Samtals	453	11.717	25,9

Heimild: Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá árinu 1975 hafa verið endurnýjuð fjós yfir um þriðjung kúastofnsins. Þegar þess er gætt að mörg nýleg og vel búin fjós hafa verið tekin úr notkun á síðustu árum í tengslum við sölu á greiðslumarki má gera ráð fyrir að jafnvel minna en þriðjungur framleiðslunnar sé í fjósum 20 ára eða yngri. Samkvæmt könnun sem gerð hefur verið á endurnýjunarpörf fjósbygginga á Suðurlandi eru aðeins 6% þeirra fjósa sem þar eru í notkun reist á sl. 10 árum.

6. Verðlag og afkoma

6.1. Verðmyndun mjólkur

Þann 1. janúar 1993 voru gerðar grundvallarbreytingar á verðmyndunarkerfi mjólkur. Þá var niðurgreiðslum á heildsölustigi breytt í beinar greiðslur til bænda og verðmiðlun milli mjólkurbúa að mestu aflögð en flutningsjöfnun á mjólk heimiluð. Hins vegar var heimiluð verðtilfærsla innan mjólkuriðnaðarins til þess að jafna mismun á framleiðslukostnaði og verði til neytenda sem niðurgreiðslurnar höfðu myndað. Þessar breytingar eru sýndar í töflum 6.1.1 og 6.1.2.

Tafla 6.1.1. Vinnslu- og dreifingarkostnaður, sjóðagjöld, verðmiðlun, verðtilfærsla og þökkunargjald mjólkur (nýmjólk í líters þökkum) árin 1991 til 1996 (meðalverð hvers árs).

	Vinnslu- og dreifingark.	Umbúða- kostnaður	Verðmiðlun	Sjóðagjöld	Kostn. v. nýmjólk	Verðtilf.-gjald
1991	16,17	5,50	3,35	1,59	26,61	1,61
1992	16,59	5,50	2,87	1,62	26,58	1,61
1993	16,59	5,50	1,85	1,60	25,54	0,00
1994	16,66	5,50	0,70	1,57	24,43	0,00
1995	16,71	5,50	0,65	1,55	24,41	0,00
1996	17,15	5,94	0,65	1,62	25,36	0,00

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Tafla 6.1.2. Verðmyndun nýmjólkur (í lítra þakkn.) árin 1991 til 1996 (meðalverð hvers árs).

	Verð til bænda	Vinnslu og heilds.kostn	Niðurgreiðslur*	Uppgjörs-sjóður **	Beinar greiðslur	Oniðurgr. heildsöluv.
1991	51,23	26,61	32,17	0,00	0,00	77,84
1992	52,38	26,58	32,84	0,00	0,00	78,96
1993	52,58	25,54	4,33	2,17	24,77	78,12
1994	52,52	24,43	0,00	2,17	24,24	76,95
1995	52,21	24,41	0,00	2,17	24,40	76,62
1996	54,26	25,36	0,00	2,17	25,67	79,62

* Niðurgreiðslur á árinu 1993 voru vegna birgða frá fyrra ári.

** Verðtilfærsla.

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

6.2. Þróun verðvísitölu mjólkur til bænda í samanburði við vísitölu neysluverðs

Í töflu 6.2.1 er borin saman þróun verðvísitölu mjólkur til bænda og þróun vísitölu neysluverðs á 10 ára tímabili, 1987 til 1996. Á árunum 1987 til 1990 fylgdi verð mjólkur verðþróun annarra neysluvara, að undanteknu árinu 1989. Í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna árið 1990 og með nýjum samningi um stjórnun mjólkurframleiðslunnar varð hins vegar afgerandi breyting sem hélst til loka tímabilsins. Frá árinu 1990 og fram til ársins 1996 hækkaði vísitala neysluverðs um 21,8% en verðvísitala mjólkur til bænda um 11,3%.

Tafla 6.2.1. Þróun verðvísitölu mjólkur til bænda 1987–1996 í samanburði við vísitölu neysliverðs.

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Neysliverðsvísitala	100,0	125,4	151,9	174,4	186,3	193,3	201,2	204,2	207,7	212,4
Mjólk	100,0	124,1	156,4	174,9	181,6	186,9	186,9	184,0	185,9	194,7

Heimild: Hagstofa Íslands.

Ef þær breytingar sem orðið hafa á vísitölunum frá samningsgerðinni árið 1992 eru skoðaðar sérstaklega kemur í ljós að vísitala neysliverðs hefur hækkað sem nemur 5,7 prósentustigum meira en verðvísitala mjólkur. Þar af eru 5 stig vegna umsaminnar hagræðingarkröfu, en 0,7 prósentustig af öðrum ástæðum.

6.3. Þróun smásöluverðs mjólkur, rjóma, osta og eggja árin 1991 til 1996 samanborið við önnur matvæli

Sú þróun sem lýst er í töflu 6.2.1 kemur enn skýrar fram ef þróun verðvísitölu mjólkur í smásölu er borin saman við þróun verðvísitölu annarra matvara.

Tafla 6.3.1 sýnir þróun verðvísitölu matvara frá febrúar 1991 til febrúar 1997. Jafnframt má sjá í töflunni hlutfallslegt vægi matvara og hlutfall mjólkur, rjóma, osts og eggja í heildarneyslugrunni sama tímabil.

Tafla 6.3.1. Þróun smásöluverðs mjólkur, rjóma, osta og eggja árin 1991 til 1996 samanborið við önnur matvæli.

		1991	1992	1993 ¹	1994	1995	1996	1997	Breyting 1991-1997
0	MATVÖRUR [ALLS]	141,4	144,6	148,4	146,2	147,0	150,8	154,6	+9,3%
	Hlutfallslegt vægi [alls]	19,4%	18,6%	17,0%	16,3%	16,2%	16,3%	16,3%	
00	Mjól, grjón, bakaðar vörur	151,0	157,6	159,7	160,7	165,7	171,0	173,0	+14,6%
01	Kjöt og kjötvörur	133,3	142,5	142,6	137,6	136,5	133,0	140,9	+5,7%
02	Fiskur, fiskvörur	150,1	155,3	160,2	159,3	164,2	158,4	156,2	+4,1%
03	Mjólk, rjómi, ostar, egg	143,0	145,8	144,9	136,7	135,6	137,5	143,1	+0,7%
	Hlutfallslegt vægi [03]	3,7%	3,5%	3,4%	3,2%	3,1%	3,1%	3,1%	
04	Feitmeti, olíur	158,1	153,8	152,8	125,8	130,0	132,0	132,9	-25,8%
05	Grænmeti, ávextir, ber	127,2	121,6	135,9	132,8	135,9	154,8	156,6	+23,3%
06	Kartöflur, vörur úr þeim	148,3	137,5	167,4	220,6	145,1	200,8	186,9	+26,0%
07	Sykur	274,2	243,1	244,9	273,2	348,0	349,1	438,4	+159,9%
08	Kaffi, te, kakó, súkkulaði	141,0	136,1	140,5	157,2	201,9	190,3	186,1	+32,0%
09	Aðrar matvörur	141,9	145,8	148,4	150,4	149,5	149,3	152,3	+7,3%

Skýringar á einstökum liðum:

01 Kjöt nýtt (litt eða óunnið); kjöt saltað og reykt (litt eða óunnið); og kjöt unnið og kjötvörur

06 Kartöflur og vörur framleiddar úr þeim (s.s. kartöflulögur)

09 Sælgæti, ís og matvörur aðrar

¹ Á árinu 1992 (nóvember) kom inn nýr neyslugrunnur þar sem vægi matvæla lækkaði um nær 2% í heildargrunninum.

Heimild: Hagstofa Íslands.

6.4. Afkoma kúabænda 1992 til 1996

Hagbjónusta landbúnaðarins hefur gert samanburð á afkomu bænda í nautgriparækt samkvæmt búreikningum frá 84 sérhæfðum kúabúum fyrir árin 1992 til 1996. Sömu bú eru með í þessum útreikningum öll árin. Samkvæmt skilgreiningu Hagbjónustunnar teljast sérhæfð kúabú vera bú sem hafa að lágmarki 70% heildarbúgreinatekna sinna af nautgriparækt.

Niðurstöður rekstrarkönnunarinnar sýna að á umræddu tímabili hefur greiðslumark í mjólk á þessum búum aukist að meðaltali úr 89.871 lítrum í 98.171 lítra eða um 8.700 lítra sem er 9,2% aukning. Engin breyting hefur orðið á greiðslumarki í sauðfé og því hefur heildargreiðslumark búanna aukist um 8,8%. Mjólkurkúm hefur á sama tíma fjölgað um 1,4 að meðaltali og meðalgreiðslumark pr. kú hefur aukist um 125 lítra eða 3,5%.

Tafla 6.4.1. Afkoma 84 kúabúa árin 1992 til 1996. Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi ársins 1996.

	1992	1993	1994	1995	1996	Breyt., % 1992-1996
Fjöldi reikninga	84	84	84	84	84	0,0
Fjöldi mjólkurkúa	25,4	25,3	25,6	26,4	26,8	5,5
Greiðslumark, ærgildi	540,8	546,4	556,7	564,9	588,4	8,8
- þar af mjólk	516,5	525,4	536,1	544,5	564,2	9,2
Greiðslumark í mjólk, ltr.	89.871	91.420	93.281	94.743	98.171	9,2
Búgreinatekjur alls	6.437	6.193	6.085	6.324	6.480	0,7
Mjólkurkúr	5.267	5.146	5.172	5.223	5.378	2,1
Breytilegur kostnaður	2.495	2.496	2.466	2.550	2.542	1,9
Framlegð	3.942	3.697	3.619	3.774	3.938	-0,1
Framlegð, %	61,2	59,7	59,5	59,7	60,8	
Fastur kostnaður	1.244	1.221	1.241	1.271	1.307	5,1
Laun og launatengd gjöld	259	334	343	372	382	47,5
Afskriftir	962	889	928	1.080	1.217	26,5
- þar af niðurf. greiðslumarks	94	71	138	219	293	211,7
Fjármagnsliðir	431	408	311	347	300	-30,4
Aðrar tekjur	269	332	215	259	305	13,4
Hagn./tap fyrir laun eig.	1.574	1.511	1.354	1.335	1.419	-9,8
Launagreiðslugeta búsin	1.833	1.845	1.697	1.707	1.801	-1,7
Veltufjármunir	944	825	866	870	911	-3,5
Fastafjármunir	10.490	10.344	10.153	10.398	10.574	0,8
Eignir alls	11.434	11.169	11.019	11.268	11.485	0,4
Skammtímaskuldir	1.997	2.200	2.282	2.160	2.464	23,4
Langtímaskuldir	3.660	2.413	3.343	4.323	4.446	21,5
Skuldir alls	5.657	4.613	5.625	6.483	6.910	22,1
Höfuðstóll	5.777	6.556	5.394	4.785	4.575	-20,8
Skuldir og höfuðstóll	11.434	11.169	11.019	11.268	11.485	0,4
Veltufjárhlutfall	47,3	37,5	37,9	40,3	37,0	
Eiginfjárhlutfall	50,5	58,7	49,0	42,5	39,8	

Heimild: Hagbjónusta landbúnaðarins. Útreikningur Sjómannanefndar.

Á tímabilinu hækkuðu meðalskuldir úr 5,7 m.kr. í 6,9 m.kr. eða um 22,1%. Á sama tíma jukust eignir aðeins um 0,4%. Eigið fé úrtaksins lækkaði því að meðaltali um

20,8% og var árið 1992 50,5% en 39,8% árið 1996. Lækkandi eiginfjárlutfall undirstríkar úttekt eigenda úr rekstrinum umfram það sem búin skila í hagnað fyrir laun eigenda.

Á tímabilinu lækkaði launagreiðslugeta meðalbúsins um úr 1.833 þús. kr. í 1.801 þús. kr. eða um 1,7%. Launagreiðslugetan jókst hins vegar milli árana 1995 og 1996 um 5,5% eða úr 1.707 í 1.801 þús. kr. Hlutfall launagreiðslugetu af heildartekjum (búgreinatekjur+aðrar tekjur) lækkaði úr 27,3% í 26,5%. Hagnaður fyrir laun til eigenda lækkaði um 9,8%. Hlutfall hagnaðar fyrir laun eigenda (m.v. heildartekjur) var árið 1992 23,5% en 20,9% árið 1996.

Þegar litið er á niðurstöðutölur rekstrar kemur í ljós að búgreinatekjur hafa aukist lítillega eða um 0,7%. Tekjur af mjólkurframleiðslu hafa hins vegar aukist um 2,1%. Breytilegur kostnaður hefur aukist um 1,9% og framlegð búsins (búgreinatekjur – breytilegur kostnaður) hefur lækkað um 0,1%, var 61,2% 1992 en 60,8% 1996. Fastur kostnaður hækkaði á tímabilinu um 5,1% en afskriftir um 26,5%.

Niðurfærsla greiðslumarks nam kr. 94 þús. árið 1992 en kr. 293 þús. árið 1996. Niðurfærsla greiðslumarks var því rétt tæpur fjórðungur allra afskrifta árið 1996 eða jafngildi 4,5% af öllum búgreinatekjum. Niðurfærsla greiðslumarks árið 1996 svarar til þess að meðalstofnverð keypts greiðslumarks sé um 1.465 þús. á hverju búi það ár. Niðurfærslan er um þrjár krónur á hvern lítra greiðslumarks, en tekjuaukning í mjólk allt tímabilið er um kr. 1,13 pr. lítra greiðslumarks eins og það var árið 1996. Tekjuaukning af mjólk milli árana 1995 og 1996 er kr. 1,58 pr. lítra greiðslumarks eins og það var árið 1996. Kostnaðarauki vegna niðurfærslu greiðslumarks á sama tíma m.v. greiðslumark 1996 var kr. 0,75 pr. lítra.

6.5. Félagsleg staða

Eitt af því sem hamlar mjólkurframleiðslunni í samkeppni um vinnuafli við aðrar atvinnugreinar er sú mikla binding sem starfinu fylgir. Samkvæmt bókun III með samningi um stjórnun mjólkurframleiðslu var gert ráð fyrir að ríkissjóður greiddi 37,5 milljónir króna til ársloka 1995 til að styrkja afleysingar hjá kúabændum vegna orlofs og frídaga. Landssambandi kúabænda var falið framkvæmd málsins. Í reglum afleysingasjóðs er kveðið á um að kúabændur geti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum fengið allt að 40% launa og launatengdra gjalda vegna afleysingamanns sem styrk úr sjóðnum. Hámarksfjöldi afleysingadaga sem greitt er fyrir á ári eru 24 dagar á einstakling og 48 dagar á hjón eða sambýlisfólk. Fyrstu afleysingahringirnir voru stofnaðir síðla árs 1993 og í árslok 1996 höfðu um 30 afleysingahringir verið starfræktir. Um 200 býli hafa þegið styrk úr sjóðnum. Nokkrir afleysingahringanna hafa starfað óslitið frá árinu 1993 en starfsemi annarra einungis varað í nokkra mánuði. Helsta vandamálið í starfsemi afleysingahringanna er skortur á hæfu og þjálfuðu starfsfólki.

7. Staða mjólkuriðnaðarins

7.1. Framleiðni í mjólkuriðnaðinum

Samkvæmt nýlegri greinargerð Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) jókst framleiðni í mjólkuriðnaðinum á tímabilinu 1975 - 1994 um 18,3%. Þetta er minni framleiðniaukning en í almennum iðnaði á sama tíma. Orsakir þess er m.a. að finna í að framleiðsla mjólkur hefur á þessu tímabili dregist verulega saman. Mjólkursamlöggin hafa brugðist við þessum samdrætti með því að auka hlutdeild verðmætari afurða þannig að framleiðsluvirði á föstu verðlagi hefur aukist nokkuð eins og fram kemur í fremsta dálki í töflu 7.1.1.

Tafla 7.1.1. Framleiðni vinnuafis 1975 - 1994 skv. útreikningum SAM.

	FRAMLEIÐSLA		ARSVERK		ARSVERK		FRAMLEIÐNI	
	Vísitala frl. SAM (1)	% f.f.á. (2)	Skv. samant. SAM	Vísitala vinnuafis (3)	% b. f.f.á. f.f.á. (4)	Vísitala framleiðni (5) (5)=(1)/(3)	% b. f.f.á. f.f.á. (6)	
1975	87,0		424	88,6		98,2		
1976	81,1	-6,8%	434	90,8	2,5%	89,3	-9,1%	
1977	86,7	7,0%	451	94,3	3,9%	92,0	3,0%	
1978	90,7	4,6%	466	97,5	3,3%	93,1	1,2%	
1979	95,7	5,5%	477	99,7	2,3%	96,0	3,1%	
1980	98,3	2,8%	473	98,8	-0,9%	99,5	3,7%	
1981	93,8	-4,6%	485	101,5	2,7%	92,5	-7,1%	
1982	93,1	-0,8%	485	101,3	-0,1%	91,8	-0,7%	
1983	93,0	-0,1%	483	101,0	-0,3%	92,0	0,2%	
1984	93,6	0,7%	483	101,0	0,0%	92,7	0,7%	
1985	96,8	3,4%	491	102,6	1,6%	94,3	1,7%	
1986	102,2	5,6%	481	100,6	-2,0%	101,6	7,7%	
1987	102,2	0,1%	494	103,2	2,6%	99,1	-2,5%	
1988	101,0	-1,2%	492	102,9	-0,2%	98,1	-0,9%	
1989	100,5	-0,5%	483	100,9	-2,0%	99,6	1,5%	
1990	100,0	-0,5%	478	100,0	-0,9%	100,0	0,4%	
1991	108,7	8,7%	466	97,5	-2,5%	111,6	11,6%	
1992	108,4	-0,3%	463	96,8	-0,7%	112,0	0,3%	
1993	105,2	-3,0%	453	94,7	-2,2%	111,1	-0,8%	
1994	109,9	4,4%	452	94,6	-0,2%	116,2	4,6%	

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Útreikningar í töflu 7.1.1 eru gerðir þannig að innanlandssala og útflutningur hvers árs er margfaldaður með skráðu heildsöluverði pr. 1. júní 1980. Ársverkafjöldi er skv. starfsmanna- og launaskrá afurðastöðva.

7.2. Fækkun mjólkursamlaga

7.2.1. Fækkun mjólkursamlaga 1989 – 1992

Á tímabilinu 1989–1992, fram að núgildandi búvörusamningi, var mjólkursamlögum Kaupfélags Berufjarðar, Djúpavogi (KBF), Kaupfélags Langnesinga, Þórshöfn (KL)

og Vestur-Barðstrendinga á Patreksfirði, lokað og þau úrelt með greiðslum úr verðmiðlunarsjóði skv. reglum sem tóku gildi 1988. Mjólkskemur framleidd er á svæði KL fluttist til Mjólksamlagsins á Vopnafirði sem einnig sér um að þjóna svæðinu með neysluvörur. Mjólkskemur af félagssvæði KBF ásamt þjónustu við Djúpavog fluttist til Mjólksamlagsins á Höfn í Hornafirði. Við úreldingu Mjólksamlagsins á Patreksfirði fluttist mjólkskemur ásamt þjónustu við svæðið til Mjólksamlagsins í Búðardal.

7.2.2. Fækkun mjólksamlaga 1992 – 1997

Árið 1992 voru gefnar út reglur þar sem ráðstafað var fjármagni úr verðmiðlunarsjóði mjólkskemur til úreldingar á afurðastöðvum og aðstöðu hjá mjólkskemurframleiðendum. Mjólksamlögin í Borgarnesi og á Höfn í Hornafirði voru úrelt samkvæmt þessum reglum.

Starfsemi Mjólksamlagsins í Borgarnesi var hætt 1. janúar 1996 og sú framleiðsla sem þar fór fram fluttist til Mjólksamsölunnar í Reykjavík, Mjólksamlagsins í Búðardal og Mjólkskemur Flóamanna. Mjólksamsalan annast framleiðslu dagvara fyrir neyslumarkaðinn á svæði Mjólksamlagsins í Borgarnesi.

Mjólksamslag Kaupfélags Austur-Skaftfellinga (KASK) á Höfn í Hornafirði hætti starfsemi 1. janúar 1997. Innvigtun mjólkskemur af félagssvæði KASK, vestan Almannaskarðs, fluttist til Mjólkskemur Flóamanna, en mjólkskemur austan Almannaskarðs fluttist til Mjólksamlags Kaupfélags Héraðsbúa (KHB) á Egilsstöðum. Mjólksamslag KHB annast framleiðslu dagvara fyrir neyslumarkaðinn á Djúpavogi og á Höfn.

Í töflu 7.2.1 er yfirlit yfir úrelt mjólksamlög og fjölda mjólksamlaga í rekstri á árunum 1988–1996.

Tafla 7.2.1. Úrelt mjólksamlög og samlög í rekstri á tímabilinu 1988 – 1996.

Ár	Niðurlagt	Afurðastöðvar í rekstri
1988		17
1989	KBF Djúpavogi	16
1991	KL Þórshöfn	15
1992	MSVB Patreksfirði	14
1995	KB Borgarnesi	13
1996	KASK, Höfn, Hornafirði	12

Heimild: Samtök afurðastöðva í mjólkskemuráæði.

7.2.3. Áhrif fækkunar mjólkskemur

Eingöngu er til mat á sparnaði við úreldingu mjólksamslaganna í Borgarnesi og á Höfn í Hornafirði. Samkvæmt því mati má telja að sparnaður við úreldingu þessara afurðastöðva sé samtals á bilinu 80 – 120 milljónir kr., eða um kr. 0,80 – 1,10 pr. lítra m.v. heildarinnvigtun í landinu. Sé einungis miðað við innvigtun á svæði 1, þ.e. svæði

Mjólkursamsölnunnar, er áætlað að sparnaðurinn nemi kr. 1,40 - 2,18 á innveginn lítra. Ekkert mjólkurbú hefur verið úrelt á Norðurlandi.

8. Breytingar á rekstrarumhverfi

8.1. Auknar opinberar kröfur

Á undanförunum árum hafa reglur um gæði mjólkur verið hertar. Þann 1. mars 1986 tók gildi mjólkurreglugerð þar sem sett voru strangari ákvæði um flokkun hrámmjólkur en áður höfðu gilt. Þar var miðað við að í fyrsta flokk færi mjólk með allt að 250.000 gerlum í ml, en yrði gerlafjöldinn meiri, yrði mjólkinn verðfæld. Ári síðar voru þessi mörk hert og til að mjólk færi í 1. flokk þurfti gerlafjöldinn að vera undir 100.000 í ml. Þann 1. september 1992 voru reglur enn hertar. Auk verðfellingar vegna heildargerlafjölda var þá tekin upp verðfelling vegna fjölda hitapölinna og kuldakærra gerla. Jafnframt voru settar reglur um hámarksfjölda fruma í ml, þannig að til að mjólk flokkaðist í 1. flokk mátti fjöldi fruma ekki fara yfir 750.000 í ml. Þann 1. september 1994 voru mörk um hámarksfrumutölu og sett í 600.000 í ml. Í nýrri mjólkurreglugerð sem tók gildi 1. júlí 1997 er miðað við að efri mörk vegna fruma fari niður í 400.000 1. janúar 1998, auk annarra breytinga.

Þessar hertu reglur hafa leitt til þess að mjólkursamlögin hafa fengið betra hráefni til vinnslu og geymsluþol mjólkurvaranna hefur aukist umtalsvert. Hins vegar hafa hertar reglur leitt til kostnaðarauka fyrir bændur, án þess að það hafi enn komið fram í hækkun á grundvallarverði mjólkur.

Erfitt er að meta ýmsa þætti þess kostnaðarauka sem leggst á bændur. Í því tilliti er þó hægt að nefna að hertar kröfur hafa að sjálfsögðu leitt til aukinnar vinnu á búunum og þess að meira magn mjólkur er verðfellt. Þá hefur kostnaður vegna nýliðunar í kúahópnum einnig aukist. Þannig er talið að nýliðunarhlutfallið hafi á fáum árum aukist úr 20 í 25% á ári.

9. Staða mjólkurframleiðslunnar

Ef reynt er að meta framangreindar upplýsingar um stöðu mjólkurframleiðslunnar og þróun á gildistíma núgildandi búvörusamnings í mjólk blasir eftirfarandi við:

- Jafnvægi hefur náðst milli framleiðslu og neyslu mjólkur og mjólkurafurða.
- Verðmiðlun mjólkur hefur verið aflögð en flutningsjöfnun tekin upp í takmörkuðum mæli.
- Með framlögum af hagræðingarfé hefur mjólkurbúum fækkað úr 15 í 12 á tímabilinu sem er minni fækkun en gert var ráð fyrir.
- Verðtilfærsla til þess að jafna framlegð einstakra mjólkurafurða og stuðla að hámarksnýtingu markaða var framkvæmd.

- Verðhlutföll milli fitu og eggjahvítu hafa verið endurskoðuð til þess að draga úr þörf á verðtilfærslu, en að öðru leyti hefur ekkert orðið úr áformum um endurskoðun á verðlagskerfi mjólkur.
- Beingreiðslur, 47,1% af grundvallarverði, hafa verið teknar upp í stað niðurgreiðslu heildsöluverðs.
- Greiðsla afurðastöðva er 52,9% af grundvallarverði.
- Viðskipti með greiðslumark eru heimil og hafa 15,1 m. lítra flutst milli aðila. Ef greiðsla hefði komið til í öllum tilfellum, má áætla að tæpir 2 milljarðar kr. hefðu flust milli aðila við þessa breytingu.
- Mjólkurinnleggjendum hefur fækkað úr 1.509 árið 1991 í 1.291 í lok árs 1996 og ársmeðalinnlegg aukist úr 69.900 ltr. í 78.700 ltr. Þrátt fyrir fækkun framleiðenda og stækkun bóa er enn til staðar vannýtt framleiðsluaðstaða.
- GATT samningurinn hefur haft þau áhrif á rekstrarskilyrði mjólkurframleiðslunnar að innflutningur mjólkurvara skv. honum er talinn samsvara 1 milljón líta á ári sem samsvarar 1 % af heildarframleiðslu.
- Samkvæmt útreikningum Hagþjónustu landbúnaðarins hefur launagreiðslugeta kúabúa lækkað um 1,7% árin 1991 - 1996 reiknað á föstu verðlagi.
- Framleiðslutakmarkanir hafa takmarkað nýtingu mannafla og fjármuna í mjólkurframleiðslunni og leitt til hærri framleiðslukostnaðar.
- Nær engin nýfjárfesting í fjósum hefur átt sér stað og verulegur hluti þeirra fjósa sem nú er framleitt í þarfnast endurnýjunar.
- Ekkert hefur orðið úr áformum um úttekt á áhrifum framleiðslustjórnunar og möguleikum á því að gera hana sveigjanlegri.

10. Markmið nýs búvörusamnings varðandi mjólk

Þegar hugað er að markmiðum nýs búvörusamnings er taki gildi 1. september 1998, er mikilvægt að standa vörð um þann árangur sem hefur náðst og leita nýrra leiða að þeim markmiðum sem ekki náðust og setja ný markmið er tryggi jafnframt stöðu mjólkurframleiðslunnar sem atvinnugreinar. Meginmarkmiðin eru þessi:

- Að skapa rekstrarumhverfi í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða, sem leiði af sér aukna hagkvæmni í vaxandi samkeppni við innfluttar búvörur.
- Að bæta afkomumöguleika í mjólkurframleiðslu svo að nauðsynleg nýliðun verði og eðlileg endurnýjun fjárfestinga geti orðið.
- Að nýta á sem bestan hátt skilyrði til framleiðslu mjólkur fyrir markað innanlands og aðra þá markaði sem teljast hagkvæmir og viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur milli framleiðslu og eftirspurnar.

11. Tillögur nefndarinnar - leiðir að markmiðum

Tillögur nefndarinnar um leiðir að þeim markmiðum, sem sett eru fram í 10. kafla, eru gerðar með hliðsjón af þeim árangri og vanköntum sem komið hafa fram við framkvæmd á gildandi búvörusamningi um stjórn mjólkurframleiðslunnar, frá 15. ágúst 1992. Við val á leiðum kemur óhjákvæmilega fram að sé stefnt að tilteknu

markmiði geti verið hætt á að fjarlægjast annað. Því er reynt að leita meðalhófs í vali leiða þannig að megináherslur við markmiðssetningu náist. Í markmiðunum felst að mjólkurframleiðsla á Íslandi verði öflug og tileinki sér nýjungar til framfara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur og ítrustu hagræðingar sé gætt í framleiðslu, vinnslu og dreifingu. Ennfremur er gert ráð fyrir að bætt afkoma í greininni leiði af sér að nýliðun aukist. Við opnun alþjóðlegra viðskipta og minnkandi landamæravörnd þarf að auka samkeppnishæfni mjólkurframleiðslunnar til lengri tíma með öðru en innflutningstakmörkunum eingöngu.

Tillögur Sjömannanefndar um leiðir að markmiðum fyrir mjólkurframleiðsluna eru í þremur meginliðum. Í fyrsta lagi um verðlagningu mjólkur og mjólkurafurða, í öðru lagi framleiðslustýringu og í þriðja lagi hagræðingu í greininni.

11.1. Verðlagning mjólkur og mjólkurafurða

Í áfangaskýrslu Sjömannanefndar frá maí 1992 var lagt til að verðlagning mjólkur og mjólkurafurða færi fram í samræmi við ákvæði búvörulaga frá 1985 (nú 1993) en yrði tekin til endurmats fyrir árslok 1994. Við það endurmat átti að hafa til hliðsjónar reynslu af breytingum í framkvæmd samningsins, sem nefndin lagði til, m.a. á afkomu bænda og afurðastöðva. Þetta endurmat hefur ekki farið fram.

Sjömannanefnd gerir eftirfarandi tillögur um fyrirkomulag verðlagningar. Tillögurnar fela það í sér að breyta þarf ákvæðum í búvörulögum frá 1993 um fyrirkomulag verðlagningar.

11.1.1. Verð til framleiðenda

Verð til framleiðenda fer eftir ákvæðum 7. - 12. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og 18. gr. þeirra laga. Skv. ákvæðum laganna er skylt að ákveða verðlagsgrundvöll er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld og launakostnað og afurðir búvörum sem næst meðalbúi í nautgriparækt, sem sé rekið við eðlilegar framleiðsluáðstæður. Skv. 18. gr. laganna má enginn kaupa eða selja búvörur innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum laganna. Þetta leiðir af sér að mjólkurbúum er skylt að greiða eitt og sama verð fyrir mjólk til bænda fyrir sömu gæði án tillits til þess hvað rekstrarakoma búanna leyfir til hækkunar eða lækkunar. Til breytinga á þessu gerir Sjömannanefnd eftirfarandi tillögur:

1. Verðlagsnefnd búvörum ákveði lágmarksverð til bænda fyrir mjólk af skilgreindum gæðum. Heimilt verði að víkja frá lágmarksverði vegna lakari gæða skv. ákvörðunum verðlagsnefndar. Greitt verði herra verð fyrir gæðameiri mjólk. Verðákvörðun nautgripakjöts verði felld niður eigi síðar en 1. september 1998, en framleiðslukostnaður þess áfram metinn og skráður.
2. Verðlagsnefnd búvörum verði þannig skipuð: Tveir fulltrúar launþegasamtaka tilnefndir af BSRB og ASÍ. Noti annarhvor þessara aðila ekki tilnefningarrétt sinn tilnefni hinn aðilinn en félagsmálaráðherra tilnefni í þeirra stað, noti hvorugur tilnefningarrétt sinn. Tveir fulltrúar frá BÍ. Landbúnaðarráðherra tilnefni formann án tilnefningar. Þá tilnefni landbúnaðarráðherra fulltrúa í stað BÍ noti þau ekki rétt sinn. Þá skulu SAM eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í

- nefndina, þó eingöngu til að fjalla um málefni mjólkurframleiðslunnar. Komi upp jöfn staða atkvæða í nefndinni þegar fjallað er um málefni mjólkurframleiðslunnar sker atkvæði formanns úr um niðurstöðu.
3. Ákvörðun lágmarksverðs fari fram árlega og verði tekin til endurskoðunar innan ársins komi fram ósk um það í Verðlagsnefnd.
 4. Nýr verðlagsgrundvöllur verði ákveðinn sem verðákvörðunin miðist við. Verðlagsgrundvöll skal miða við vel rekið bú af hagstæðri stærð en ekki landsmeðaltal eins og er í dag.
 5. Hverri afurðastöð verði frjálst að að greiða framleiðendum mjólkur umfram lágmarksverð á hvern þann hátt sem er valinn.

11.1.2. Stuðningur við mjólkurframleiðsluna

Við gerð gildandi búvörusamnings var niðurgreiðslum á heildsölustigi hætt en í þeirra stað teknar upp beingreiðslur til bænda. Það var gert á þann hátt að ríkjandi stuðningur var umreiknaður á lítra mjólkur sem fór til sölu á innlendum markaði. Samkvæmt því var samið um að beingreiðslur í mjólkurframleiðslu skyldu nema 47,1 % af verði til framleiðenda. Sjómannanefnd telur ekki forsendur til að taka þetta hlutfall til endurskoðunar við þær breytingar á fyrirkomulag við verðlagningu mjólkur, sem hér eru lagðar til og leggur til eftirfarandi:

1. Stuðningur við mjólkurframleiðslu verði í formi beingreiðslna, sem verði 47,1% af lágmarksverði.
2. Beingreiðslur verði misháar eftir árstíma til að draga úr árstíðabundinni sveiflu í mjólkurframleiðslunni.

11.1.3. Myndun heildsöluverðs

Verðlagning búvara í heildsölu fer eftir ákvæðum 13. - 16. gr. búvörulaga. Þá gilda enn fremur um ákvörðun heildsöluverðs ákvæði 18. gr. laganna um að enginn megi kaupa eða selja búvöru innanlands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þeirra. Heildsöluverð búvara er ákveðið af fimmannanefnd, sem í eiga sæti tveir fulltrúar afurðastöðva í mjólkuriðnaði, tveir fulltrúar neytenda undir formennsku forstjóra Samkeppnisstofnunar. Í tillögum nefndarinnar felst að það hlutverk Fimmannanefndar að ákveða verð mjólkur og mjólkurafurða í heildsölu, hverfur. Því er lagt til að Verðlagsnefnd búvara verði falið, í stað Fimmannanefndar, að verðleggja tímabundið mjólk og mjólkurvörur í heildsölu og fylgjast með verðtilfærslum. Með breyttum viðskiptaháttum hefur komið fram krafa um sveigjanlegri verðlagningu en er heimil skv. ákvæðum laganna. Sjómannanefnd telur óhjákvæmilegt að tekin verði upp frjálsari verðmyndun á mjólk og mjólkurafurðum í heildsölu og leggur eftirfarandi til:

1. Verðlagsnefnd búvara taki yfir hlutverk Fimmannanefndar 1. september 1998.
2. Verðlagsnefndin ákveði heildsöluverð fyrir sömu afurðir mjólkur og eru verðlagðar í dag. Verðlagningin nær til mjólkur, undanrennu, rjóma, skyr, smjör, osta, undanrennudufts og nýmjólkurdufts. Verðlagning fari fram þegar ákvörðun er tekin um lágmarksverð til bænda en verði tekin til endurskoðunar komi fram ósk um það í Verðlagsnefnd. Verðlagsnefnd skal strax við upphaf

starfs síns hefja aðlögun heildsöluverðs einstakra vörutegunda að breyttu rekstrarumhverfi og viðskiptaháttum.

3. Verðlagning miðist við þróun í almennum rekstrarskilyrðum fyrirtækja í líkum rekstri, svo og afkomu mjólkurbúanna.
4. Verðlagsnefnd hætti verðlagningu þessara afurða eigi síðar en 30. júní árið 2001. Skal nefndin hafa lokið aðlögun heildsöluverðs einstakra vörutegunda fyrir þann tíma.
5. Gjald vegna verðtilfærslu milli afurða verði ákveðið með lögum. Innheimt verði gjald af hverjum mjólkurlíttra við innvigtun í mjólkurbú sem greiðist út vegna framleiðslu (sölu) tiltekinna afurða (smjör, undanrennuduft, nýmjólkurduft).
6. Afurðastöðvar eða samtök þeirra geri tillögur til Verðlagsnefndar um aðra verðtilfærslu, til niðurfærslu á verði tiltekinna afurða með takmarkað verðþol.
7. Allar verðtilfærslur skulu vera háðar heimildum Verðlagsnefndar.
8. Framkvæmd innheimtu og greiðslna fari eftir reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur.
9. Fyrirkomulag verðtilfærslna taki gildi strax við upphaf sammingsins (1. sept. 1998) og gildi til loka hans.

11.2. Framleiðslustjórnun

Í áfangaskýrslu Sjömannanefndar frá maí 1992 voru gerðar tillögur um markmið og fyrirkomulag framleiðslustjórnunar. Tillögurnar miðuðu að því að draga úr framleiðslu mjólkur, fækka framleiðendum og koma á viðskiptum með framleiðslurétt (kvóta). Í starfi nefndarinnar árið 1992 var fjallað um annmarka sem fylgdu framleiðslustjórnuninni. Lítið var til möguleika á sveigjanlegra fyrirkomulagi vegna ótta um neikvæð áhrif af kvótakerfinu á hagræðingu framleiðslunnar, þróun bústærðar og nýliðun. Um þessi atriði náðist ekki niðurstaða og því var lagt til að fram færi ítarleg könnun á áhrifum framleiðslustjórnunarinnar á afkomu mjólkurframleiðenda fyrir árslok 1994. Sú könnun hefur ekki farið fram.

Við umfjöllun um framleiðslustýringu í Sjömannanefnd hefur komið fram að nefndin telur ekki unnt að afnema takmarkanir á framleiðslu mjólkurframleiðenda með kvótum enn um sinn. Nefndin bendir á að við beitingu kvóta sem framleiðslustjórnunartækis eigi að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- Að kvótinn dragi ekki úr stærðarhagkvæmni í mjólkurframleiðslunni.
- Að kvótinn valdi sem minnstri hækkun á framleiðslukostnaði.
- Að kvótinn haldi umframframleiðslu mjólkur í skefjum.

Í kafla 5.4 kemur fram að árlegur kostnaður mjólkurframleiðenda við kaup á greiðslumarki hafi numið 3-4 kr. á hvern lítra mjólkur, eða þrjú til fjögur hundruð m.kr. árlega. Það svarar til tæplega þrjú hundruð þúsund kr. á hreinu kúabúi, skv. skýrslum Hagþjónustu landbúnaðarins. Til að fjarlægjast ekki þau sjónarmið um beitingu kvóta sem stjórnartækis sem að ofan greinir, leggur Sjömannanefnd til eftirfarandi fyrirkomulag á kvóta til stýringar mjólkurframleiðslu hjá bændum:

1. Heildarframleiðslukvóti, hér nefnt greiðslumark, verði jafn innanlandsmarkaði.
2. Greiðslumark (kvóti) verði bundið við lögbýli.

3. Greiðslumark (kvóti) hvers lögbýlis verði framreiknað frá ári til árs í hlutfalli við breytingar á neyslu innanlands á mjólk og mjólkurafurðum.
4. Beingreiðslur til lögbýla fari eftir greiðslumarki þess (kvóta) að teknu tilliti til framleiðslumagns.
5. Greiðslumark (kvóti) getur færst milli lögbýla á eftirfarandi hátt:
 - a) Við kaup og sölu. Viðskipti með greiðslumark (kvóta) á þennan hátt fari fram á “kvótamarkaði”, sem verði falinn Framleiðsluráði landbúnaðarins með reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum Framkvæmdanefndar búvörusamninga.
 - b) Hjá þeim sem framleiða umfram kvóta eykst greiðslumark um tiltekið hlutfall af þeirri framleiðslu lögbýlisins sem er umfram kvóta. Hjá þeim sem framleiða minna en nemur kvóta lögbýlisins, lækkar greiðslumarkið um tiltekið hlutfall af mismun þess sem framleitt er og kvóta lögbýlisins. Framleiðendum sem vilja draga saman eða hætta, verði með sérstökum samningi við Framkvæmdanefnd búvörusamninga, gert heimilt að halda beingreiðslum um ákveðinn tíma án tillits til framleiðslumagns.

Verði greiðslumark (kvóti) lögbýlis aukið á þennan hátt er skylt að flytja allt það framleiðslumagn mjólkur sem er umfram greiðslumark (kvóta) á erlendan markað á ábyrgð framleiðandans, að því leyti sem ekki er þörf fyrir framleiðsluna á innanlandsmarkað.

Áður en af þessari framkvæmd getur orðið skal Framkvæmdanefnd búvörusamninga gera úttekt á áhrifum af framkvæmd þessa staflíðar á afkomu mjólkurframleiðenda, tilkostnað mjólkurframleiðslunnar hjá framleiðendum og afurðastöðvum, nýliðun innan greinarinnar og jafnvægi í framleiðslu og eftirspurn mjólkurafurða. Þessari úttekt skal lokið eigi síðar en 1. september 1998. Framkvæmdanefnd gerir því aðeins tillögu um að þessi leið verði farin að úttektin leiði til hagfelldrar niðurstöðu.

11.3. Hagræðing

Í álitum Sjömannanefndar frá 1992 er lagt til að fjármunum, sem voru til í verðmiðlunarsjóði, verði varið til að úrelða umframframleiðslugetu í mjólkurbúum. Jafnframt að fjármunum sem eftir kunna að verða í sjóðnum að þessum verkefnum loknum, verði varið til þess að lækka mjólkurverð til neytenda. Nefndin telur að því verkefni sem lagt var upp með við úreldingu á mjólkurbúum og framleiðsluaðstöðu hjá bændum, skv. reglum um ráðstöfun á verðmiðlunarfé til hagræðingar í mjólkuriðnaði og mjólkurframleiðslu, eigi að vera lokið.

Nefndin telur að ráðstafa eigi þeim fjármunum sem voru ætlaðir til hagræðingar í mjólkuriðnaði og hefur ekki verið ráðstafað úr verðmiðlunarsjóði, til eftirfarandi verkefna:

1. Rannsóknar og þróunarverkefna í framleiðslu og vinnslu mjólkur.
2. Endurmenntunar er leiði til betri gæða í framleiðslu mjólkur og til hagræðingar.

- *
3. Til hagrannsókna vegna verðlagingar og úttektar á stöðu framleiðslu og/eða vinnslu mjólkur.
 4. Til lækkunar á tilteknum mjólkurafurðum.

Verðlagsnefnd landbúnaðarins geri tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun fjármuna til þessara verkefna.
